

# Skógarhólar 2019



Í ár var baðherbergið á Skógarhólum tekið í gegn í samræmi við athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins en þar sem um sameiginlega aðstöðu kvenna og karla era þ ræða var gerð krafa um að klósettbasar væru lokaðir. Einnig var farið yfir pípulagnir bæði inni á salerni og lagnir fyrir vatn út í beitihólfín við skálann. Skípt var um alla ofna og ljós og rafmagn yfirfarið. Sett var upp eldhúsinnrétting og keyptir stólar fyrir salinn í skálanum.





*Einnig voru keypt borð og tveir stólar inn í hvert svefnrými. Sitthvað smálegt var einnig keypt s.s. hraðsuðuketill, brauðrist og eggjasjóðari.*



*Á Skógarhóla koma margir við, og er gaman að segja frá því að þónokkur fjöldi kemur ár eftir ár og hefur list ánægju sinni með endurbætur staðarins.*





*Hér í framhaldi má sjá nýtingu sumarsins. Myndirnar sýna hvernig vikur sumarsins eru nýttar.*



*En hér sjáid þið nokkuð réttan fjölda manna og hrossa sem koma við á Skógarhólum þó er ekki í þessari tölu allir þeir hestamenn sem koma við einn og einn dag til að ríða út og njóta fegurðarinnar sem Þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða.*



*Þessu til viðbótar er forvitnilegt að skoða gistinætur bæði manna og hrossa.*



*Gaman væri að auka nýtingu á skálanum enn frekar og auka nýtingu beitarhólfanna. Athuga þarf að nauðsynlegt er að bera á hólfin á hverju vori en ekki er hægt að komast um þau öll á landbúnarðartæki.*

*Ferðarþjónustan Backroads hefur komið undanfarin sumur. Það hefur verið jöfn aukning í nýtingu þeirra á skálanum, en þau koma við á Skógarhólum til að hafa samanstað til að borða hádegisverð á leið sinni um Þingvellir hjólandi með sína gesti.*



*Með kveðju Bergdís og Árni*

